

Lauf Forks hf.
Ingólfsstræti 3
101 Reykjavík

Vestmannaeyjum 14. febrúar 2019
UST201901-171/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Friðland að Fjallabaki - Landmannahelli

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Lauf Forks hf., dagsett 18 janúar, um leyfi til uppsetningar á drykkjastöð, salernisaðstöðu í Landmannahelli og merkingar við vegi innan friðlandsins að Fjallabaki vegna hjólreiðaviðburðar, The Rift.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sbr. auglýsing nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum. Heimilt er ferðamönnum að tjalda á merktum tjaldsvæðum á friðlandinu, svo og meðfram viðurkenndum gönguleiðum en eigi annarstaðar nema með sérstöku leyfi.

Lýsing verkefnis:

Um er að ræða hjólreiðaviðburð sem verður haldin þann 27. júlí 2019 og mun hluti leiðarinnar fara í gegnum friðlandið. Hjólað verður eftir vegum á svæðinu en ræsing og endamark eru á Hvolsvelli. Sótt er um að fá að setja upp drykkjarstöð og salernisaðstöðu við Landmannahelli. Stendur til að setja upp tvö tjöld, 5x5 m hvort auk ferðasalerna. Ráðgert er að setja aðstöðuna upp á á tjaldsvæðinu eða þar sem skálaverði og Umhverfisstofnun þykir heppilegast að staðsetja aðstöðuna. Til að minnka álag á jarðveg og gróður á meðan viðburðurinn fer fram ef veður er óhagstætt verða settar upp sérstakar jarðvegsmottur til að vernda svæðið. Ráðgert er að um 250 manns muni fara í gegnum drykkjastöðina á 12 klukkutíma tímabili. Líklegt er að um 20 manns fari í gegnum stöðina í einu. Þáttakendur munu verða upplýstir um umgengnisreglur á svæðinu og skrifa undir samþykki þess efnis.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur umrætt verkefni ekki líklegt til að valda neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins til lengri tíma litið. Til skamms tíma mun viðburðurinn valda truflunum fyrir gesti tjaldsvæðisins og á vegum. Mögulegt rask á gróðri og jarðvegi er líklegt á tjaldsvæði en röskunin er afturkræf.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir uppsetningu drykkjarstöðvar og salernisaðstöðu á tjaldsvæðinu við Landmannahelli og uppsetningu merkinga við vegi innan friðlandsins að Fjallabaki þann 27. júlí 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Stjórnendur hjólreiðarkeppninar skili til Umhverfisstofnunar, a.m.k. viku áður en keppni hefst, áætlun um það hvernig staðið verði að framkvæmd keppinnar. Í áætlun skal m.a. koma fram, fjöldi þáttakenda og hvernig staðið verði að frágangi að viðburði loknum.

- Hafa skal þetta leyfi með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breytingar verður á tímasetningu verkefnis, með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Nákvæm staðsetning drykkjarstöðvar og salernisaðstöðu skal valin í samráði við Umhverfisstofnun. Skal aðstaðan vera vel afmörkuð til að takmarka stærð þess svæðis sem verður fyrir raski.
- Losun ferðsalerna fari fram á viðurkenndum losunarstað utan friðlandsins.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágangi svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Aðstandendur viðburðarins tryggji að ekki verði skilinn eftir neinn úrgangur á víðavangi, hvorki á/við hjólaleiðir né á drykkjastöð. Einnig að tryggt verði að merkingar sem notaðar verða við að merkja hjólaleiðina verði fjarlægðar strax að viðburði loknum.
- Óheimilt er að trufla dýralíf, raska gróðri og jarðminjum.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Óheimilt er að hjóla utan vega.
- Þáttakendur taki tillit til annara gesta svæðisins hvort sem er á tjaldstæði eða á þeim vegum sem hjólreiðarnar fara fram.
- Stjórnendur viðburðarins upplýsi þáttakendur um mikilvægi þess að halda sig á merktri hjólaleið til að koma í veg fyrir rask á viðkvæmum gróðri og jarðminjum.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags og Vegagerðarinnar gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Hildur Vésteinsdóttir

Hildur Vésteinsdóttir
Sviðsstjóri

Hákon Ásgeirsson

Hákon Ásgeirsson
Teymisstjóri